

180. aðalráðstefna
Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu
október 2010

Hlýðni við spámennina

Öldungur Claudio R. M. Costa
af hinum Sjöttú

Ég snerist til trúar á kirkjuna. Ég er svo þakklátur fyrir að Guð svaraði bæn minni og veitti mér vitneskju og sterkan vitnisburð um að Joseph Smith væri spámaður Guðs.

Áður en ég tók þá ákvörðun að skírast inn í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, kynnti ég mér útdrátt af sögu Josephs Smith. Ég baðst fyrir eftir vandlegan lestur á hverri málsgrein. Ef þið viljið gera það sjálf, getur það tekið ykkur 14 klukkustundir.

Eftir lestur, ígrundun og bæn, veitti Drottinn mér fullvissu um að Joseph Smith væri spámaður hans. Ég ber ykkur vitni um að Joseph Smith er spámaður, og vegna þess að ég hef fengið svar frá Drottni veit ég að allir eftirmenn hans eru einnig spámenn. Hvílík blessun það er að hafa spámenn á okkar tímum!

Hvers vegna er svo mikilvægt að hafa lifandi spámenn til að leiða hina sönnu kirkju Jesú Krists og meðlimi hennar.

Í Leiðarvísi að ritningunum finnum við skilgreiningu á orðinu spámaður: „Maður sem er kallaður af Guði og talar fyrir Guð. Sem boðberi Guðs fær spámaðurinn boð, spádóma og opinberanir frá Guði“ (Leiðarvísir að ritningunum, 175; sjá einnig Bible Dictionary, 754).

Það er mikil blessun að hljóta orð, fyrirmæli og leiðsögn Drottins á þessum erfiðu jarðnesku tímum. Spámaðurinn getur hlotið innblástur og framtíðarsýn til heilla fyrir mannkyn.

Okkur er sagt: „Drottinn gjörir ekkert án þess að hann hafi opinberað þjónum sínum, spámönnum, ráðsályktun sína“ (Amos 3:7).

Við lærum af þessari ritningargrein, að Drottinn muni opinbera spámönnum sínum allt sem hann telur nauðsynlegt að láta okkur í té. Hann mun opinbera okkur vilja sinn og leiðbeina okkur með spámönnum sínum.

Drottinn lofaði því, að ef við trúum á hina heilögu spámenn, munum við öðlast eilíft líf

(sjá K&S 20:26). Í sjötta Trúaratriðinu lýsum við því yfir að við höfum trú á spámönnum. Í því felst að við trúum á og treystum spámönnunum og gerum það sem þeir biðja okkur að gera.

Árið 1980, þegar Ezra Taft Benson þjónaði sem forseti Tólfpostulasveitarinnar, flutti hann á hátíðarsamkomu í BYU, sem haldin var í Marriott Center, máttugan boðskap um hlýðni við spámennina. Þessi mikla ræða hans, sem bar heitið „Fjórtán grundvallaratriði við að fylgja spámanninum“, snerti hjarta mitt. Mér leið vel yfir því að hafa tekið þá ákvörðun, þegar ég skírðist inn í hina sönnu kirkju Drottins, að fylgja spámönnunum það sem eftir væri ævinnar.

Mig langar að segja ykkur frá nokkrum þeim reglum sem Benson forseti kenndi:

„Fyrsta: Spámaðurinn er eini maðurinn sem talar fyrir hönd Drottins varðandi hvað sem er“ (*1980 Devotional Speeches of the Year*, [1981], 26).

Á okkar tímum hefur spámaður Guðs sagt okkur að halda boðorðin, að elska meðbræður okkar og systur, að þjóna, að annast uppvaxandi kynslóð, að bjarga óvirkum eða líttvirkum, að gera margt sem við köllum spámannleg forgangsatríði. Við þurfum að skilja að þessi forgangsatríði hefur Guð sett, og að spámaðurinn er rödd hans til allrar kirkjunnar og til heimsins.

Okkur er ráðlagt að „gefa gaum að öllum orðum hans og fyrirmælum“ (K&S 21:4). Við lærum einnig: „Því að hans orði skuluð þér taka á móti með fullkominni þolinmæði og trú.

„Því að gjörið þér það, munu hlið heljar eigi á yður sigrast. Já, og Drottinn Guð mun dreifa valdi myrkursins frá yður og láta himnana bifast yður til góðs og nafni sínu til dýrðar“ (K&S 21:4–6).

Annað grundvallaratriðið: „Hinn lifandi spámaður er okkur mikilvægari en helgiritin“ („Fourteen Fundamentals,“ 26).

Hinn lifandi spámaður hlýtur sérstakar opinberanir fyrir okkur. Ég minnst margra stunda þegar ég hef heyrt einhvern þjón Drottins ræða um sérstaka hluti varðandi borg eða land. Ég minnst að minnsta kosti þriggja lifandi spámanna, sjáenda og opinberara sem töluðu um mitt land, Brasilíu. Einn þessara þjóna sagði að Brasilía yrði mikið efnahagsveldi í heiminum, laust við verðbólgu. Á þeim tíma náði verðbólgan tveggja stafa tölu í hverjum mánuði. Erfitt var fyrir fólkið að trúa því sem spámaðurinn sagði, en ég trúði því. Í Brasilíu hefur nú verið 5 prósentu verðbólga mörg undanfarin ár. Brasilía hefur orðið níunda efnasta ríki í heiminum og vel gengur í landinu!

Þriðja grundvallaratriðið: „Lifandi spámaður er okkur mikilvægari en látinn spámaður“ („Fourteen Fundamentals,“ 27).

Við lærum mikla lexíu um þetta í ritningunum. Á tímum Nóa var auðveldara fyrir fólkið að trúá á þá spámenn sem dánir voru, en þeim reyndist erfitt að trúá Nóa. Við vitum að vegna vantrúar þeirra komust þeir ekki af í flóðinu (sjá 1 Mós 6).

Fjórtða grundvallaratriðið: „Spámaðurinn mun aldrei leiða kirkjuna afvega“ („Fourteen Fundamentals,“ 27).

Enn lærum við af lifandi spámönnum. Wilford Woodruff forseti sagði: „Drottinn mun aldrei leyfa mér eða nokkrum öðrum manni í embætti forseta þessarar kirkju að leiða ykkur afvega. Það er ekki með í dæminu. Það er ekki í huga Guðs. Ef ég reyndi það mundi Drottinn víkja mér úr sessi og svo mun hann gera við hvern þann sem reynir að leiða mannanna börn frá orði Guðs og frá skyldu sinni“ (Opinber Yfirlýsing – 1).

Fimmta grundvallaratriðið: „Ekki er þess krafist að spámaðurinn hafi einhverja jarðneska þjálfun eða meðmæli til að ræða ákveðin mál eða til einhverra framkvæmda á ákveðnum tímum“ („Fourteen Fundamentals,“ 27).

Drottinn kallaði ungan mann, Joseph Smith, til að endurreisa kirkju hans. Haldið þið að hinn ungi Joseph Smith hafi verið með doktorsgráðu í guðfræði eða vísindum? Við vitum að hann var auðmjúkur og lítt menntaður ungur maður. En hann var valinn af Drottni, og hann hlaut frá Drottni allt sem var nauðsynlegt til heiðurs og eflingar köllunar spámanns endurreisnarinnar.

Benson forseti hélt áfram: „Sjötta: Spámaðurinn þarf ekki að segja, „svo segir Drottinn“ til að gefa okkur ritningar.“

„Sjöunda: Spámaðurinn segir okkur það sem við þurfum að vita, ekki alltaf það sem við viljum vita“ („Fourteen Fundamentals,“ 27,28).

Síðan vitnaði Benson forseti í 1. Nefi 16:1, 3:

„Og nú bar svo við, að þegar ég, Nefí, hafði lokið að tala til bræðra minna, sjá, þá sögðu þeir við mig: Orð þín eru hörð, harðari en við fáum borið. ...

Og ef þið, bræður mínir, væruð nú réttlátir og fúsir að virða sannleikann og gefa honum gaum, þannig að þið gætuð gengið grandvarir frammi fyrir Guði, þá munduð þið ekki kvarta sannleikans vegna og segja:

Orð þín í okkar garð eru hörð.“

Áttunda grundvallaratriðið: „Röksemdir manna setja spámanninum engar skorður. ... Virðist það rökrétt að lækna líkþráa með því að segja manninum að lauga sig sjö sinnum í sérstakri á? Þó er þetta nákvæmlega það sem spámaðurinn Elísa sagði hinum líkþráa að gera til að lækna (sjá 2 Kon 5)“ („Fourteen Fundamentals,“ 28).

Og Benson forseti gaf áfram fleiri reglur um hlýðni við spámanninn. Ég mun lesa síðustu sex þeirra og bjóða ykkur að finna þessar reglur á næsta fjölskyldukvöldi í orðum og kenningum lifandi spámana okkar, sjáenda og opinberara á þessari ráðstefnu.

„Níunda: Spámaðurinn getur hlotið opinberun varðandi hvaða mál sem er – stundlegt eða andlegt. ...

Tíunda:

Spámaðurinn getur tekið þátt í borgaralegum málum.

...

Ellefta:

Þeir tveir hópar sem erfiðast eiga með að fylgja spámanninum eru hinir hrokafullu sem lærðir eru og hinir dramsöm sem ríkir eru.

...

Tólfta:

Ekki er víst að spámaðurinn verði vinsæll í augum heimsins eða hinna veraldlegu.

...

Þrettánda:

Spámaðurinn og ráðgjafar hans mynda Æðsta forsætisráðið – æðstu sveit kirkjunnar.

...

Fjórtánda:

Spámanninum og forsætisráðinu – hinum lifandi spámanni og Æðsta forsætisráðinu –

fylgið þeim og hljótið blessun; hafnið þeim og þjáist“ („Fourteen Fundamentals,“ 29).

Við njótum þeirra forréttinda að hafa orð lifandi spámana, sjáenda og opinberana á þessari dásamlegu ráðstefnu. Þeir munu mæla vilja Drottins til okkar, fólks hans. Þeir munu flytja okkur orð Guðs og ráðgjöf hans. Takið vel eftir og fylgið leiðbeiningunum og ábendingunum, og ég ber vitni um að líf ykkar mun fulla blessun hljóta.

Jesús er Kristur, frelsari okkar og lausnari. Thomas S. Monson er lifandi spámaður Guðs og Æðsta forsætisráðið og Tólfostulasveitin eru spámenn, sjáendur og opinberarar. Í nafni Jesú Krists, amen.